



Skipulagsstofnun
Einar Jónsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Selfossi 16. febrúar 2015

Efni: Ábendingar stjórnar SASS um Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í bréfi þeirra til Skipulagsstofnunar og dagsett er 29. janúar sl., atriða sem fram koma í bréfi sveitastjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps og dagsett er 6. febrúar og loks umsögn sveitarfélaganna Þriggja, Rangárbings eystra, Rangárbings ytra og Skaftárhrepps. Stjórnin leggur áherslu á tekið verði tilliti til ábendinganna sem fram koma og gerðar verði nauðsynlegar breytingar á tillögu að landskipulagsstefnu áður en hún verður afhent ráðherra.

Stjórnin leggur áherslu á að landsskipulagsstefnan undirstriki nauðsyn þess að styrkja dreifbýli til jafns við þéttbýli. Jafnframt er nauðsynlegt að stefnan taki bæði til landverndar og landnýtingar og hvernig þessir þætti geta stuðlað að betri búsetuskilyrðum í öllu landinu.

Stjórn SASS telur nauðsynlegt að hraða beri gerð lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða enda mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélög þar sem mikil starfsemi fer fram á strandsvæðum.

Umfram það sem að ofan greinir vil stjórn SASS vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

- Neðst á síðu 44 stendur að „... er hér lagt til að Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að festa ákveðin viðmið og kortleggja reglulega umfang víðerna á hálendinu.“ Stjórnin telur að með orðalaginu „...að festa ákveðin viðmið ...“ séu stofnanirnar að taka sér óskilgreint vald.
- Á síðu 50 er tekið fram að stefnan tekur mið af rammaáætlun sem samþykkt var sem þingsályktun frá Alþingi í janúar 2013. Vakin er athygli á að fyrir Alþingi liggur nýtt þingályktunarfrumvarp og verði það samþykkt hefur það áhrif landskipulagið.
- Stjórnin vill benda á að 60 km. skilgreining á vinnusóknarsvæði er þröng skilgreining. Innan sveitarfélaga á Suðurlandi er mikil uppbygging í ferðaþjónustu og aukning er í störfum sem falla utan þessarar skilgreiningar um vinnusóknarsvæði.
- Áréttað er að staðsetning samgöngumannvirkja hefur mikil áhrif á búsetumynstur og stjórnin undrast að flugvellir séu ekki hluti af landskipulaginu.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri